

# Siglingaráð

## 45. fundur

Dags.: 8. febrúar 2024, kl. 11:00 til 13:00 í Samgöngustofu.

**Mættir:** Halldór Ármannsson formaður, Vala Hrönn Viggósdóttir (IRN), Kristín Helga Markúsdóttir (SGS), Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Greipur G. Sigurðsson (Vegagerðin, Hafnadeild), Auðunn Kristinsson (LHG), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Örn Pálsson (Landssamband smábátaeigenda), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

**Forföll:** Þórdís Sif Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

### Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 44. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Tillaga SGS að verkefnum öryggisáætlunar sjófarenda árið 2024.

### Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Völu Hrönn nýjan lögfræðing innviðaráðuneytisins. Boðskipti fyrir komandi fundi ráðsins voru rædd með tilliti til skipulags, þar sem fundarboð og dagskrá fundar bárust ekki til allra fulltrúa.

Óskir um mál á dagskrá skulu send á formann ráðsins sem hefur samráð við IRN um fundarboðin. Gögn um mál sem taka á fyrir skulu send á ráðsmenn fyrir viðkomandi fund.

- Fundargerð 44. fundar samþykkt.**
- Öryggisáætlun sjófarenda.**

ÞÞ kynnti tillögu SGS að verkefnum og ráðstöfun fjár á árinu 2024 (sjá gagn nr. 3). Var hún samþykkt að lokinni umræðu en fram kom að stjórnvöld muni hafa aðgang að tölfraeðigögnum úr Atvik sjómenn. Ákveðið var að vekja sérstaka athygli á IMO deginum þann 26. september nk. Fræðslufni um fjarskipti skipa er í vinnslu og áhugi er á að gert verði nýtt leiðbeiningaspjald um björgun með þyrlu.

- Öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við Ísland.**

LG sagði frá öryggisúttekt á siglingum farþegaskipa við Noreg en þar eru lagðar fram um 70 tillögur að nauðsynlegum úrbótum sem hafin er vinna að þar í landi. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld setji í gang sambærilega öryggisúttekt hér á landi með aðkomu helstu stofnana og hagsmunaaðila því fjöldi koma skemmtiferðaskipa til landsins hefur aukist mikið.

PÆP minnti á bókun á 43.fundi um leiðsögumannaskyldu um borð í farþegaskipum sem sigla á viðkvæmum svæðum en þar óskar Siglingaráð eftir því að innviðaráðuneytið taki af skarið í málinu. AK upplýsti að umhverfisráðuneytið hafi takmarkað heimildir til landgöngu á þessum svæðum.

- Lög um áhafnir skipa.**

ÖP sagði frá áhyggjum smábátasjómannna vegna breytingar á ákvæði a-liðar 2. mgr. 16. gr. áhafnalaganna sem tekur gildi þann 1. júlí n.k. en þá verður skylt að hafa stýrimann ásamt skipstjóra í smábátum sé róðurinn lengri en 19 klukkustundir.

(„Ákvæði til bráðabirgða: Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 16. gr. er hásetum, sem hafa að baki siglingatíma í tólf mánuði á síðastliðnum þremur árum, heimilt til 1. júlí 2024 að gegna stöðu stýrimanns sé útivist skips styttri en 19 tímar.“)

Óskaði ÖP eftir að breytingin verði afturkölluð. Í umræðunni voru rök með og á móti tillögunni en ekki náðist samstaða um hana.

Minnst var á gagnsemi nýja Strandvarans til að bæta öryggi í siglingu skipa og velt upp hvort lögleiða ætti búnaðinn.

5) **Málaskrá Siglingaráðs.**

HA lagði áherslu á að málskráin verði útbúin sem fyrst til að hafa betri yfirsýn á þau mál sem ráðið hefur fjallað um og hvernig afgreiðslu þeirra háttar hjá IRN og SGS. Mál séu síðan afgreidd formlega með rökstuðningi.

6) **Reglugerðabreytingar.**

*Losunarbúnaður björgunarbáta.* GHB minnti á að brýnt sé að ljúka breytingu á reglugerð vegna ákvæða um sleppibúnað í skipum sem hefur dregist á langinn. Sagði hann frá slysi sem varð þegar skotgálgi „sprakk“ þegar verið var að prófa hann. Nauðsynleg er fyrir útgerðir að fá formlega heimild stjórnvalda til að nota nýja útfærslu af búnaðinum í skipunum (sjá 44. fund).

*Lögskráning áhafna.* BA og RG minntu á mikilvægi þess að fá sem fyrst breytingu á ákvæði varðandi lögskráningu áhafna sem færast milli skipa á sama degi (sjá 44. fund).

7) **Önnur mál.**

- a) **Íslensku kunnátta skipstjórnenda.** PÆP sagði að FS berist athugasemdir vegna íslensku kunnáttu erlendra skipstjórnenda á íslenskum skipum. Hvernig er tryggt að þeir þekki íslenskt lög og regluverk? (5.gr, 2.mgr áhafnalaga: Um heimild erlends ríkisborgara til að starfa á íslenskum skipum fer skv. 8. gr. Til að starfa sem skipstjóri skal viðkomandi hafa staðist námskeið um kunnáttu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem hann fær réttindi til að gegna.)
- b) **Eigin skoðun skipa.** ÖP óskaði eftir upplýsingum hjá SGS um stöðu mála varðandi verkefnið eigin skoðun skipa en þar var hugmyndin að eigendur báta gætu sjálfir annast hluta af skoðun bátana í stað skoðunaraðila.

Næsti fundur verður boðaður í tölvupósti.

IV ritaði fundargerð.